

Bleikja ehf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2021  
UST202109-301/S.S.  
08.12.01

**Efni: Yfirfærsla starfsleyfis – Bleikja ehf.**

Vísað er til umsóknar Veðifélags Eystri-Rangár kt. 530492-2659 og Bleikju ehf., kt. 470121-0840, dags. 27. september 2021, þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi fyrir fisk- og seiðaeldi (annað en sjókvíaeldi) að Laugum, Landsveit, útg. 16. júní 2010, af rekstraraðila Veðifélagi Eystri-Rangár, yfir á nýjan rekstraraðila Bleikju ehf.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um yfirfærslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ekki er um að ræða breytingu á starfsleyfisskilyrðum. Öll réttindi og skyldur sem koma fram í starfsleyfinu færast með þessu til Bleikju ehf. Athygli er vakin á því að starfsleyfið gildir til 16. júní 2022.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Bleikju ehf, skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 52.800.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ákvörðun þessi verður birt á vefsíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir  
forstjóri

Sigríður Skaftadóttir  
lögfræðingur